

stefnda Sigurði S. Skagfjörð 40 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dómi þessum ber að fullnægja áður 8 vikur séu liðnar frá lögbirtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 10 nóvember 1919.

Nr. 36/1919: Ólafur G. Eyjólfsson f. h. váttryggingarfélagsins Danske Lloyd  
gegn

Sveini Björnssyni f. h.  
Henry Archer.

#### D ó m u r:

Þegar enskur botnvörpungur »Conan Doyle« frá Hull var á heimleið héðan með afla sinn 23. des. 1917 í góðu verði, varð á leið hans nokkru norðar en beina stefnu milli Reykjaness og Eldeyjar skip á reki í áttina til lands og með neyðarflagg dregið á stöng. Skip þetta var þrisigld skonnorta Ruthy frá Röðby Havn, er lagt hafði af stað 18. okt. s. á. frá Frederikssund til Reykjavíkur með jarðeplafarm til landsstjórnarinnar; hafði skipið hrept hörð veður og hrakninga mikla; var nú svo komið að það hafði misst stórsiglu, framsiglu og miklð af seglbúnaði og lét eigi að stjórn. Það varð nú samkomulag

skipstjóranna á nefndum skipum, að Conan Doyle skyldi draga Ruthy á öruggan stað, og hófst drátturinn á hádegi nefndan dag; kl. 4 voru skipin komin til Keflavíkur og var Ruthby lagt þar við akkeri, en þaðan var það samdægurs dregið til Reykjavíkur af björgunarskipinu »Geir« sem skipstjóri kvaddi til með símtali. Henry Archer í Hull, umboðsmaður eigenda og vátryggjenda botnvörpungsins Conan Doyle, krafðist launa fyrir björgun Ruthby, 20,000 kr., en þau björgunarlaun þóttu of há þeim, er hlut áttu að máli fyrir hönd Ruthby, og voru björgunarlaunin eigi greidd. Umboðsmaður Henry Archers krafðist þá kyrsetningar á Ruthby til tryggingar björgunarlauninum með vöxtum og kostnaði; fór sú gjörð fram í fógetarétti Reykjavíkur 13. febr. f. á. mótmælalaust af hálfu skipstjórans á Ruthby og lýsti hann því yfir að hann hefði ekkert að athuga við kröfu gerðarbeiðanda eða kyrsetningargerðina yfirhöfuð. Fól umboðsmaður Archers Sveini Björnssyni yfirréttarmálaflutningsmanni að fá gerðina staðfesta með dómi og annast alt þar að lútandi, og gerði því næst nefndur málaflutningsmaður fyrir hönd umbjóðenda sinna þær kröfur fyrir sjódómi Reykjavíkur, að lög-haldsgerðin 13. febr. yrði staðfest, að stefndi Carl Johansen skipstjóri fyrir hönd eigenda og vátryggjenda Ruthby og farms þess, er það hafði meðferðis, er því var bjargað, yrði dæmdur til að greiða umbjóðendum sínum 20,000 kr. í björgunarlaun með 6% ársvöxtum frá 23. desbr. 1917 til borgunardags og til að greiða þeim allan málskostnað, þar með talinn

kostnað við löghaldsgerðina, að skaðlausu eða eftir mati réttarins. Mál þetta dæmði sjórétturinn 27. júlí f. á. á þá leið að stefndi skyldi greiða Sveini Björnssyni fyrir hönd umbjóðenda hans 15000 kr. í björgunarlaun með 6% ársvöxtum frá 23. desbr. 1917 til greiðsludags og 200 kr. í málskostnað, og fyrir þessum upphæðum skyldi löghaldsgjörðin staðfest.

Báðir aðilar málsins hafa skotið þessum dómi til yfirdómsins að fengnu uppreistarleyfi, dags. 13. maí og 27. sept. þ. á., og hefur þess af Ólafi G. Eyjólfssyni stórkaupmanni, umboðsmanni váttryggjenda Ruthby, Danske Lloyd, með aðalstefnu útgefinni 26. maí þ. á. verið krafist, að björgunarlaunin verði færð niður í 10,000 kr. með vöxtum af þeirri upphæð og að löghaldsgerðin verði að eins staðfest að því er nemur þeirri upphæð, að málskostnaður í héraði verði látinn falla niður og að aðaláfrýjanda verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins. Til vara krefst hann að björgunarlaunin verði ákveðin af réttinum. En Sveinn Björnsson hefur með gagnstefnu dags. 15. sept. þ. á. krafist þess fyrir hönd umbjóðenda sinna, að allar kröfur hans fyrir sjódóminum verði teknar til greina og til vara að hinn áfrýaði dómur verði staðfestur. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir yfirdómi, hver sem úrslit málsins verði.

Björgunarlaun þau, er gagnáfrýjandi krefst, telur aðaláfrýjandi óhæfilega há; bendir hann fyrst á það, að björgunin hafi eigi verið fullkomin, þó að skipið væri dregið til Keflavíkur; þar hafi það eigi

verið á öruggum stað, því að þar sé eigi trygt skipalægi, enda hafi eigi annað þótt fært en að kveðja til björgunarskip Sw tzers í Reykjavík þegar í stað til að færa skipið þangað, og fyrir þann flutning hafi verið krafist 8000 kr. björgunarlauna. Ennfremur bendir hann á það, að veður hafi verið gott og björgunin með öllu áhættulaus fyrir Conan Doyle og að kostnaður og fyrirhöfn við hana hafi eigi verið önnur en 8 klukkustunda töf og kolaeyðsla við ferðina milli Reykjaness og Keflavíkur fram og aftur; og loks tekur aðaláfrýjandi það fram, að það sé fjarstæða að björgun skipsins frá Reykjanesi til Reykjavíkur í góðu veðri geti, hvernig sem á stendur numið framt að 30 % af verði skips og farms. En skipið hefur verið metið 87500 kr. virði eins og það var, er því var bjargað og farmur þess hefur verið seldur á uppboði fyrir kr. 7236.81.

Af hálfu gagnáfrýjanda er því haldið fram, að það hafi verið samkomulag skipstjóranna að Ruthby væri dregið til Keflavíkur, en því er mótmælt, og í skýrslu skipstjórans á Conan Doyle, sem lögð hefur verið fram, er það vottað að skipstjórinn á Ruthby hafi farið fram á að verða dreginn á óhultan stað (to safety) og að skipstjórinn á Conan Doyle hafi samþykkt það. Keflavík verður nú að visu eigi talinn óhultur staður, sízt fyrir skip er svo var til reika sem Ruthby, en þetta atriði virðist þó eigi skifta miklu af því að veður var gott og auðvelt með stuttum fyrirvara að fá skipið flutt til Reykjavíkur.

Þegar þess nú er gætt annars vegar, að Ruthby var ósjálfbjarga þar sem það var statt 23. des 1917, þegar Conan Doyle bar að, og að öll líkindi voru til að það hefði algerlega týnst, ef því hefði ekki komið hjálp þann dag, því að næsta dag kom á stórviðri, og hins vegar að björgunin var með öllu áhættulaus fyrir Conan Doyle, kostnaður og fyrirhöfn við hana óveruleg, að skip þetta var eigi sérstaklega útbúið til björgunar, en rakst á Ruthby af tilviljun og að öðru leyti með hliðsjón af 230 gr. siglingalaganna 30. nóv. 1914 virðist hæfilegt að ákveða björgunarlaunin 12000 kr. og ber þá að staðfesta löghaldsgjörðina að því er þessari upphæð nemur. Yfirdómurinn fellst á ákvæði sjúdómsins um vexti og málskostnað og má þá staðfesta hinn áfrýjaða dóm með umgetnum breytingum.

Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir eftir þessum úrslitum eiga að falla niður.

Því dæmist réttt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað, þó svo að björgunarlaunin ákveðast 12000 kr. og löghaldsgjörðin staðfestist að því er þeirri upphæð nemur. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dómi þessum skal fullnægja áður en 8 vikur séu liðnar frá löglegri birtingu hans að viðlagðri laga-aðför.